



Greinargerð – Grunnskóli Seltjarnarness

Skólaárið 2011 – 2012 stunda 523 nemendur nám við skólann og hér starfa um 95 starfsmenn. Skólinn starfar í tveimur byggingum, Mýrarhúsaskóla með nemendur í 1.-6. bekk (277 nem.) og Valhúsaskóla með nemendur í 7.-10. bekk (246 nem.).

1. Umhverfisnefndin

Skólinn sótti um að taka þátt í Grænfánaverkefninu síðla hausts árið 2007 og varð þá skóli á grænni grein. Í desember árið 2009 var svo sótt um Grænfánann sjálfan og veitti skólinn honum viðtöku vorið 2010. Laufey Alda Sigvaldadóttir kennari hefur haldið utan um verkefnið og sinnt hlutverki verkefnisstjóra.

Umhverfisnefnd hefur starfað við skólann frá þátttökuárinu 2007 en í nefndinni hafa setið fulltrúar starfsfólks, stjórnenda, kennara, foreldra og nemenda úr báðum byggingum skólans. Skólaárið 2010-2011 var nemendum í umhverfisnefndinni fjölgað, þannig að hver árgangur á einn fulltrúa í nefndinni. Í yngri deildum völdu kennarar áhugasama nemendur en á eldri stigum var kosið milli frambjóðenda.

Nefndarfólk í umhverfisnefndum skólaáranna 2007-2008, 2008-2009, 2009-2010 er að finna í eldri greinargerð, en nefndarfólk árið 2010-2011 má sjá í fylgiskjali 1. Hér fyrir neðan eru nöfn þeirra sem nú sitja í nefndinni:

Margrét Aðalheiður Þorgeirsdóttir, nemandi 10. bekk

Pálína Jónmundsdóttir, nemandi í 9. bekk

Brynjar Bjarnason, nemandi í 8. bekk

Tómas Óli Magnússon, nemandi í 7. bekk

Gísli Baldur Friðbjarnarson, nemandi í 6. bekk

Rut Bernódusdóttir, nemandi í 5. bekk

Ólafur Marel Árnason, nemandi í 4. bekk

Katrín Anna Karlsdóttir, nemandi í 3. bekk

Unnur María Sigurðardóttir, nemandi í 2. bekk

Guðmundur Brynjar Þórarinsson, nemandi í 1. bekk

Guðlaug Sturlaugsdóttir, fulltrúi stjórnenda

Laufey Alda Sigvaldadóttir, kennari

Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður mannvirkja

Jóhannes Már Gunnarsson, yfirmaður mötuneyta Seltjarnarness

Áslaug Dóra Eyjólfsson, fulltrúi foreldra



Skólaárið 2010-2011 fundaði nefndin tvisvar sinnum. Fundargerðir er að finna í fylgiskjöllum 2a og 2b.

Skólaárið 2011-2012 fundaði nefndin þrisvar sinnum. Fundargerðir er að finna í fylgiskjöllum 3a, 3b og 3c en eftir er að halda einn fund í maí.

2. Mat á stöðu umhverfismála

Umhverfisnefndin hefur sett sér að einblína á þrjú áherslumál en þau eru:

- flokkun, endurvinnsla og endurnýting
- útikennsla
- samgöngur

Flokkun, endurvinnsla og endurnýting

- allur pappír er flokkaður í kennslustofum. Í Mýrarhúsaskóla er fernum safnað í öllum umsjónarstofum og áhugasamir kennarar safna einnig plastumbúðum
- lífrænum úrgangi er safnað í stofum í Mýrarhúsaskóla
- á kaffistofum starfsfólks í báðum byggingum skólans er safnað lífrænum úrgangi, plastumbúðum, fernum, pappír og málmumbúðum
- í eldhúsi er eftirfarandi flokkað:
 - plast
 - lífrænn úrgangur
 - fernur
 - pappír
 - ál,
 - gler
 - bylgjupappi
- í matsölum nemenda er lífrænn úrgangur flokkaður frá almennu sorpi og í Valhúsaskóla er fernum safnað í matsalnum
- umsjónarmaður fasteigna sér um að safna saman rafhlöðum, dagblöðum og bylgjupappa
- áfram eru kennarar og nemendur duglegir við að endurnýta, t.d. með því að nýta efnisbúta, gamla stóla, auglýsingabæklinga, jógúrt dósir og fernur í föndur
- í unglíngadeild hefur áfram verið unnið með safnaveitur (safn ýmissa hluta sem til falla í skólanum og á heimilum starfsfólks og nemenda) sem nemendur nota til listsköpunar



Útikennsla

Dæmi um útikennsluverkefni sem unnin voru skólaárin 2010-2011 og 2011-2012

- 4. og 9. bekkur taka þátt í verkefninu *Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs* en þar gróðursetja nemendur tré og mæla það, bæði hæð og sverleika stofns. Í 9. bekk heimsækja þeir tré sitt og gera nýja mælingu. Auk þess vinna þeir að uppgræðslu með því að dreifa lífrænum áburði á örfoka land

- 1.-6. bekkir fara a.m.k. einu sinni á önn í Fræðasetrið í Gróttu og vinna þar að ákveðnum verkefnum sem taka mið af aldri og skólanámskrá, 4.-6. bekkir að hausti en 1.-3. bekkur á vormánuðum
- 7. bekkur skoðar Bakkatjörn, lífríki og vistkerfi ásamt því að gera rannsókn á fjörunni og gróðrinum í fjörunni við Bakkatjörn
- nemendur í 1.-4. bekk eiga „leynistaði“ hér á Nesinu (<http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/myro/leyni/index.htm>) en markmiðið með því verkefni er að nemendur kynnist árstíðabundnum breytingum á umhverfinu á hverjum stað fyrir sig (1. bekkur-Plútóbrekka, 2. bekkur-Valhúsahæð, 3. bekkur-fjaran, 4. bekkur-Bakkatjörn)
- íslenskukennsla í 6. bekk er kennd í lotum og í hverri lotu er a.m.k. eitt verkefni utandyra
- nemendur í 4. bekk skólaárið 2010-2011 voru með útikennslutíma fasta á stundatöflu í apríl og maí (verkefni sem tengjast ýmsum námsgreinum s.s. stærðfræði, ensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði)
- nemendur í 3. bekk skólaárið 2011-2012 eru með útikennslutíma fasta á stundatöflu í apríl og maí (verkefni sem tengjast ýmsum námsgreinum s.s. stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði)
- þemadagar á yngsta- og miðstigi í maí verða tileinkaðir umhverfismennt og þar verða m.a. útistöðvar
- útivist og hreyfing er valáfangi sem var kenndur í 9.-10. bekk skólaárið 2010-2011 (t.d. fræðsla um fjallamennsku og útivist, farið í tvær gönguferðir og skíðaferð)
- á haustin og vorin er útikennsla í íþróttum í öllum árgöngum (s.s. ratleikir, línuskauta- og hjólaferðir)
- nemendur í 8. bekk fóru í ferð um Nesið og könnuðu gömul örnefni í umhverfinu
- 8. bekkur er einnig að fara í stórt útiverkefni núna á vormánuðum þar sem þau eiga að ljósmynda og búa til bækling um náttúru og lífríki Seltjarnarness
- í smíðum á unglíngastigi hafa nemendur skoðað náttúruna í kringum skólann með það að markmiði að staðsetja sig og „húsið“ sitt í náttúrunni
- í myndmennt á unglíngastigi hafa nemendur leitað myndefna í nánasta umhverfi
- margir árgangar fara út að greina plöntur á Nesinu
- margir árgangar fara í fjöruferðir jafnt og þétt yfir skólaárið



Samgöngur

Átakið „Göngum í skólann“ er orðið fastur liður í skólastarfinu, haust og vor, og myndast hefur góð samstaða foreldra, nemenda og starfsfólks um það. Metnaður er mikill hjá nemendum á yngsta og miðstigi um að standa sig vel í þessu og oft er 99-100% þátttaka í bekkjardeildum (sjá fylgiskjal 4a og 4b). Þegar átakanu lýkur eru svo alltaf mun fleiri sem eru komnir upp á lag með að ganga eða hjóla í skólann. Margir foreldrar ganga með yngri nemendum í skólann og eru þar með þátttakendur í því að bæta loftgæði og auka umferðaröryggi við skólann.

Teljum við að markmiðið sem við settum okkur um að festa átakið í sessi hafi náðst. Annað markmið sem við settum fram var að stofna hóp hagsmunaaðila sem myndi vinna að bættum öryggismálum við skólann náðist ekki. Aðstoðarskólastjórar sóttu þó fund með yfirmönnum bæjarins og lögreglu til að ræða umferðaröryggi við skólana.



3. og 4. Áætlun um aðgerðir og markmið

Eins og fram kemur hér að framan þá eru áhersluflokkarnir okkar þrír, flokkun sorps, umferð við skólabyggingar og útikennsla. Hér að neðan verður greint nánar frá þeim vanköntum sem upp hafa komið og settar fram leiðir til úrbóta.

1. Flokkun sorps

Nokkur vandamál hafa skapast við flokkun á fernum og hefur nefndin leitað leiða til að bregðast við þeim vanda. Helstu vandræði við fernuflokkun eru þegar umsjónarmenn tæma úr söfnunarkassanum beint í flokkunartunnur, í stað þess að setja fernurnar í poka og binda fyrir. Þegar fernurnar eru lausar í endurvinnslutunnunum fer flokkunin forgörðum og innihaldið verður að fara í almennt sorp.

Flokkun á pappír og lífrænum úrgangi hefur gengið mjög vel í kennslustofunum. Í matsal kemur það fyrir að nemendur sem koma með nesti að heiman setji plast eða fernur í lífrænu söfnunarkassana.



Úrbætur

Til þess að taka á þessum vandamálum hafa nemendur í umhverfisnefnd verið með kynningu og fræðslu um endurvinnslu í öllum bekkjum. Í kynningunni var lögð áhersla á að miðla réttum aðferðum við flokkunina í von um að vankantarnir slípist af. Einnig ætlar umsjónarmaður fasteigna að athuga með heppilegri ílát fyrir fernurnar. Til vara verður að skoða þann möguleika að nemendur fari heim með fernur.

Markmið

Að auka jafningjafræðslu til þess að auka umhverfisvitund nemenda í von um að flokkun sorps gangi enn betur í framtíðinni.

2. Umferð við skólabyggingar

Eins og fyrr segir gengur átakið “Göngum í skólann“ mjög vel hjá 1.-6. bekk, en erfitt hefur reynst að halda utan um skráningu á þátttöku á unglingastigi, þar sem skipulag kennslu er þar með öðrum hætti en á yngsta- og miðstigi.

Úrbætur

Á næsta fundi í umhverfisnefnd verður leitað leiða til að bæta skráningu á þátttöku í 7.-10. bekk. Til þess að auka öryggi nemenda í kringum skólabyggingar ætla nemendur í 5. og 6. bekk að gera athugun á gönguleiðum til og frá skólabyggingum, með öryggismál að leiðarljósi. Niðurstöður þeirra verða sendar til umhverfisnefndar bæjarins. Nýtt deiliskipulag svæðisins umhverfis skólanna er í vinnslu og skólastjórnendur vinna með fræðslufulltrúa bæjarins að lagfæringu á aðkomu flutningabíla með vörur í eldhús Mýrarhúsaskóla og tilfærslu á bílastæðum við Valhúsaskóla.



Markmið

Að bæta skráningu á þátttöku nemenda í 7.-10. bekk, þannig að ljóst sé hve margir taki þátt. Að losna alfarið við akstur á skólalóð á skólatíma til að bæta loftgæði og auka öryggi nemenda.

3. Útikennsla

Góður stígandi hefur verið í útikennslu í skólanum og fjölgar þeim kennurum stöðugt sem sjá kosti þess að nemendur læri utan veggja kennslustofunnar. Vorið 2010 var kennurum boðið á stutt útikennslu námskeið, sem var vel sótt og vonandi verið einhverjum hvatning. Það eru



samt alltaf einhverjir kennarar sem lítið nota útikennslu eða eiga erfitt með að tengja verkefni sín við útinám. Það þarf að hvetja þennan hóp kennara áfram og efla.

Úrbætur

Þjóða aftur upp á námskeið í útikennslu fyrir kennara, e.t.v. nú með áherslu á unglíngastigið. Jafnframt er stefnt að því að fá kennara af unglíngastigi í umhverfisnefndina. Til þess að efla kennara enn frekar til dáða verður skipulögð útikennsla á vordögum og á unglíngastigi verður útbúið námsefni til útikennslu sem verður notað í vor.



Markmið

Að halda eitt námskeið í útikennslu haustið 2012 fyrir kennara.
Að fá kennara af unglíngastigi til starfa í umhverfisnefndinni.
Að á vordögum (3 dagar að vori) fari kennsla fram utandyra.

5. Fræðsla

Nemendur

Hér á eftir eru nefnd dæmi um fræðslu og verkefni sem unnin eru í skólanum, en að sjálfsögðu eru þau fleiri og fjölbreyttari. Það sem hér er upptalið tengist skólanum sem heild (þ.e. fræðsla sem flestir fengu).

- Nemendur í umhverfisnefnd fóru í alla bekki með fræðslu um flokkun úrgangs í mars og apríl 2012.
- Þegar átakið Göngum í skólann hefst, að hausti og á vorin, fylgir umhverfis- og umferðarfræðsla í kjölfarið.
- Dagur umhverfisins er haldinn hátíðlegur ár hvert. Þá vinna nemendur að margvíslegum verkefnum er varða umhverfismennt, ýmist utandyra eða innan. Jafnframt fjöllum við um Grænánann á þessum degi og minnumst þess hvað þarf til þess að fá að flagga honum.
- Á vordögum í maí á þessu ári verða fjölgreindarleikar í skólanum. Þá er nemendum skipt í hópa, þvert á árganga, og unnið á stöðvum við margvísleg verkefni. Þemað í ár verður umhverfisfræðsla.



- Haldin var sýning á afrakstri nemenda sem tóku þátt í comeniusarverkefninu *Climate and Energy Awareness (CEA)* og komu margir bekkir á sýninguna og fræddust um orku, orkugjafa og orkunotkun, mengun af völdum orkugjafa og hvernig má spara orku. Kennarar í verkefninu gáfu skólanum afganginn af styrknum til þess að bekkir geti farið í vettvangsferðir og fengið fræðslu um umhverfismál t.d. við virkjanir, í Sorpu o.s.fr. Í vor mun 3. bekkur fara í heimsókn í Sorpu.
- Margir kennarar eru duglegir að nota vefinn heimurinn minn <http://www.heimurinn.is/> sem er á vef námsgagnastofnunar, en þar eru fróðlegar sögur og verkefni um ýmislegt sem lýtur að umhverfismálum.

Starfsfólk

Starfsfólk sótti útikennslufræðslu á vordogum 2010. Laufey Alda Sigvaldadóttir kennari og verkefnisstjóri Grænfánaverkefnisins miðlaði til annarra kennara ýmsum leikjum og verkefnum sem rekið hafa á fjörur hennar, s.s. á námskeiðum hjá Náttúruskólanum.

Nokkrir kennarar á yngsta stigi sóttu önnur námskeið hjá Náttúruskólanum vorið 2010 og 2011. Í ár sækja 2 kennarar námskeið í útikennslu hjá Náttúruskólanum, 15. og 16. maí næstkomandi. 5 kennarar á yngsta stigi sóttu stærðfræðiráðstefnu í Noregi haustið 2011, þar sem mikið var fjallað um útikennslu.



6. Endurmat

Verkefnisstjóri og umsjónarmaður mannvirkja hefur séð til þess að málum sé fylgt eftir í samvinnu við starfsfólk og nefndarfólk. Þegar þau markmið sem við settum okkur við síðustu úttekt eru skoðuð erum við nokkuð sátt við árangurinn. Mörg markmiðanna hafa náðst, og vel það, en önnur ekki.

Markmiðin sem við settum okkur við síðustu úttekt voru:

- **draga enn frekar úr þyngd almenns sorps (óflokkað) eða um 25%**
(samkvæmt upplýsingum frá Sorpu náðum við að draga úr þyngd blandaðs úrgangs um 40% í Mýrarhúsaskóla og 22% í Valhúsaskóla milli árana 2009-2011, sjá fylgiskjöl 5a og 5b)
- **festa átakið *Göngum í skólann* í sessi**
(teljum að það hafi gengið eftir (sjá fylgiskjal 4a og 4b) en eins og áður sagði þarf að bæta skráningu á unglíngastigi til þess að við getum gert okkur grein fyrir þátttökunni þar)
- **mynda hóp hagsmunaaðila til að þrýsta á um aðgerðir í umferðaröryggismálum**

(náðist ekki)

- **Nemendur í 1.-6. bekk fá markvissa útikennslu að jafnaði einu sinni í viku** (náðist að hluta, þ.e. nokkrir árgangar náð þessu)
- **Nemendur í 7.-10. bekk fá markvissa útikennslu einu sinni á önn í hverri námsgrein** (náðist í sumum námsgreinum, t.d. í náttúrufræði, samfélagsfræði, list- og verkgreinum og íþróttum).

7. Lokaorð

Þegar litið er til baka þau tvö ár sem við höfum haft Grænfánann og mat lagt á stöðuna í skólanum sést að margt hefur gengið vel en jafnframt er ýmislegt sem má gera betur. Það sem mætti bæta enn frekar er að miðla upplýsingar betur til kennara, nemenda, foreldra og starfsfólks, s.s. eins og hugmyndum að verkefnum, fræðsluerindum og markmiðum okkar í umhverfismálum. Til að bæta úr þessu ætlar umhverfisnefndin að sjá um að senda umhverfispóst, þar sem fjallað er um umhverfisstarfið í skólanum, til þessara aðila a.m.k. tvisvar á önn. Þegar allir þekkja vel að hverju við stefnum verður umhverfisstarfið í skólanum virkara. Það er verðugt verkefni umhverfisnefndarinnar næstu tvö árin að vinna að þessu og efla þar með umhverfisstarfið enn frekar. Jafnframt er mikilvægt að standa vörð um það sem áunnist hefur.

f.h. umhverfisnefndar

Skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness

Umhverfisnefnd Grunnskóla Seltjarnarness 2010-2011

Fulltrúar nemenda:

1. bekkur – Unnur María Sigurðardóttir
2. bekkur – Katrín Anna Karlsdóttir
3. bekkur - Ólafur Marel Árnason
4. bekkur – Rut Bernódusdóttir
5. bekkur – Gísli Baldur Friðbjörnsson
6. bekkur – Tómas Óli Magnússon
7. bekkur - Brynjar Bjarnason
8. bekkur - Pálína Jónmundsdóttir
9. bekkur - Margrét Aðalheiður
10. bekkur - Fannar Logi Jónsson

Umsjónarmaður fasteigna – Hafsteinn Jónsson

Fulltrúi kennara – Laufey Alda Sigvaldadóttir

Fulltrúi stjórnenda – Guðlaug Sturlaugsdóttir

Fulltrúi starfsfólks – Jóhannes Már Gunnarsson

Fulltrúi foreldra – Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir

Fundur í Umhverfisnefnd 18.mars 2011

Mættir: Laufey verkefnastjóri, Guðlaug ritari (skólastjóri), Logi í 10. bekk, Pálina í 8. bekk, Jóhannes kokkur, Tómas Óli í 6. bekk, Ólafur í 3.bekk, Unnur María í 1. bekk, Hafsteinn húsvörður, Gísli 5. bekk, Áslaug Dóra fulltrúi foreldra, Katrín Anna í 2. bekk og Rut í 4. bekk, Margrét Aðalheiður í 9. bekk.

Laufey bauð alla velkomna og setti fundinn

1. Hún fór yfir þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá að flagga Grænfánanum, 7 skilyrði sem við þurfum sífellt að fara yfir og meta.
2. Það sem liggur fyrir er þrennt :
 - a. Dagur umhverfisins: Hvernig á hann að skipuleggja hann:
 - i. Föndra eitthvað úr endurnýtanlegum efnum, svo sem eggjabökkum.
 - ii. Útiöldun
 - iii. Útikennsla
 - iv. Athuga hvað þau eru að gera í útivist og hreyfingu
 - v. Nemendur ætla að ganga í bekk og fá hugmyndir frá nemendum um hvað nemendur vilja gera á degi umhverfisins.
 - b. Flokkunin í stofunum: Eigum við að láta nemendur fara heim með fernur, jógúrtdósir o.s.frv.? Ekki allir sammála um það – viljum gjarnan gera eitt átak enn. Þegar dallar eru tæmdir að bundið sé fyrir fulla pokann áður en honum er hent og nýr poki settur í, án undantekninga. Hugmynd um að upplýsa foreldra um flokkunina og að þeir ræði líka við börnin sín.
3. Engar endurvinnslutunnur á Eiðstorgi, þarf að benda bæjaryfirvöldum á það.
4. Þyrfti að ganga í bekk í Való og minna á flokkunina í mótuneytinu og tunnurnar undir plast í Való.
5. Mætti koma því á að hafa tvo hreinsunardaga á ári á Nesinu, bæði á haustin og á vorin.

Fundi slitið.

Guðlaug Sturlaugsdóttir, ritari

Fundur í umhverfisnefnd 20. maí 2011

Mætt: Laufey, Hafsteinn, Unnur, Katrín Anna, Ólafur, Rut, Gísli Baldur, Brynjar og Logi.

Rætt var um “Dag umhverfisins” þegar farið var út á ýmsa staði í kringum Nesið. Flestir árgangar fóru í útikennslu þann dag, enda það áhersluatriði þetta árið. Nemendur í Valhúsakóla virtust þó ekki hafa tekið þátt í að halda upp á daginn að þessu sinni. Þetta þarf að bæta og nemendur í umhverfisnefndinni beðnir um að leita eftir hugmyndum frá nemendum í Valhúsaskóla um verkefni á þessum degi.

Rætt var um áhersluþættina okkar:

-flokkun

-útikennslu

-draga úr umferð við skólana/Göngum í skólann

Logi, sem er í 10. bekk, lætur augljóslega af störfum í nefndinni nú í vor. Honum voru þökkun vel unnin störf í nefndinni. Aðrir gefa kost á sér áfram.

Fundi slitið,

Laufey Alda Sigvaldadóttir, ritari.

Fundur hjá umhverfisnefnd 14. des. 2011

Mætt voru: Laufey Alda, Guðlaug, Hafsteinn, Margrét Aðalheiður, Brynjar, Tómas Óli, Gísli Baldur, Rut, Ólafur, Katrín Anna, Unnur María og Guðmundur.

Nefndin byrjaði á að kynna sig og tók vel á móti Guðmundi sem er nýr í nefndinni en hann er fulltrúi nemenda í 1. bekk.

Rætt var um stöðu mála varðandi flokkun í stofunum og gengur vel að flokka í stofunum. Umsjónarmaður fasteigna benti á að það gangi ekki nógu vel að flokka í stóru tunnurnar sem eru á ganginum, því það gleymist að setja fernurnar í poka og loka fyrir. Þegar fernurnar eru lausar í tunnunum verður að henda úr tunnunum í almennt rusl. Þá er öll flokkunin ónýtt.

Í Valhúsaskóla er aðallega flokkað í mótuneyti nemenda. Þar gengur nokkuð vel að flokka lífrænt frá ólífrænu en stundum vill gleymast að setja plast og fernur í almennu tunnuna.

Ákveðið var að nemendur í umhverfisnefndinni skyldu fara með fræðslu inn í bekkina og hnykkja á þessum atriðum. Umsjónarmaður fasteigna ætlar að fylgjast með hvort ástandið lagist í kjölfarið.

Rætt var um að 1. maí á þessu ári þarf að sækja um að fá að halda Grænfánanum. Verkefnisstjóri sér um að halda utan um gerð greinargerðar, en umhverfisnefnd les yfir og gerir athugasemdir.

Rætt um útikennslu. Nemendur í Valhúsaskóla segja útikennsluna ekki mikla, en sé helst í náttúrufræði og íþróttum. Nemendur í Mýrarhúsaskóla eru almennt sáttari við stöðu mála í útikennslunni. Einnig var rætt um átakið „Göngum í skólann“ sem gekk vel í Mýrarhúsaskóla en hvetja þarf unglingana enn frekar. Þátttaka þeirra á haustönn var með minnsta móti.

Fundi slitið.,

Guðlaug Sturlaugsdóttir, ritari.

Fundur í umhverfisnefnd 3. febrúar 2012

Mætt: Laufey Alda, Guðmundur, Unnur, Katrína Anna, Ólafur, Rut og Gísli Baldur, Pálína og Margrét Aðalheiður.

Á þennan fund voru bara boðaðir fulltrúar nemenda því tilgagnur fundarins var að fara yfir fræsluefni sem nemendur fara með í alla bekkir skólans á næstu vikum. Tilgangurinn er að ná til sem flestara nemenda í sambandi við reglur um flokkun. Efnið var á PowerPoint formi auk þess sem nemendur æfðu sig á að spjalla um efnið við samnemendur á jákvæðan hátt. Allir nemendur umhverfisnefndar jákvæðir fyrir þessu og tilbúnir að bera út fagnaðarerindið!

Fundi slitið,

Laufey Alda Sigvaldadóttir, ritari.

Fundur í umhverfisnefnd 27. apríl 2012

Mætt eru: Margrét Aðalheiður, Brynjar, Tómas Óli, Gísli Baldur, Ólafur, Unnur, Guðmundur, Guðlaug, Hafsteinn, Jóhannes og Laufey.

Laufey býður alla velkomna á fundinn og fer yfir fundarefni dagsins.

Farið yfir greinargerð vegna umsóknar um Grænfána

Í Valhúsaskóla er kominn poki í mötuneyti nemenda sem er fyrir fernur. Það þarf að kynna þetta betur fyrir nemendum í Valhúsaskóla.

Ræddum leiðir til þess að bæta skráningu í átakinu „Göngum í skólann“ í Valhúsaskóla. Rætt um að kennarar hafi skráningarblað hjá sér að morgni og skrásetji þetta.

Bregðast þarf við því að fernur fari ekki í poka í endurvinnslutunnurnar. Ákveðið var að athuga með nýja endurvinnslutunnu þar sem fernur eru flokkaðar sér. Umsjónarmaður fasteigna sér um það.


Næsta haust verður leitað til kennara á unglíngastigi til þess að bjóða sig fram í umhverfisnefnd.


Næsta haust verður kosið/valið í nýja umhverfisnefnd, en Guðmundur í 1. bekk mun verða einn vetur í viðbót í nefndinni.

Fundi slitið,

Guðalug Sturlaugsdóttir, ritari.

Þátttaka í „Göngum í skólann“ 1.-6. bekkur





GÁMAPJÓNUSTAN HF.

Færslulisti Frá 1.1.2009 til 31.12.2009

S20 SELTJARNARNESKAUPSTAÐUR

AUSTURSTRÖND 2

170 SELTJARNARNES

Verkstaður .: **MÝRARHÚSASKÓLI**

GÁMAPJÓNUSTAN HF.

Færslulisti Frá 1.1.2009 til 31.12.2009 23.4.2012

Samtals aðgerðir

Aðgerð Lýsing Fjöldi

08 Komið með skiptilát 2

15 Ílát tekið 1

26 Minni ílát losa og tekið 1

35 Minni ílát losun 154

46 Aukalosun 2

Samtals magn í flokki

Úrgangstegund Lýsing Þyngd

101 Blandaður úrgangur **13.943,00 KG**

GÁMAPJÓNUSTAN HF.

Færslulisti Frá 1.1.2009 til 31.12.2009

S20 SELTJARNARNESKAUPSTAÐUR

AUSTURSTRÖND 2

170 SELTJARNARNES

Verkstaður .: **VALHÚSASKÓLI**

Samtals aðgerðir

Aðgerð Lýsing Fjöldi

35 Minni ílát losun 115

Samtals magn í flokki

Úrgangstegund Lýsing Þyngd

101 Blandaður úrgangur **7.585,00 KG**

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

Færslulisti Frá 1.1.2011 til 31.12.2011

S20 SELTJARNARNESKAUPSTAÐUR

AUSTURSTRÖND 2

170 SELTJARNARNES

Verkstaður .: **MÝRARHÚSASKÓLI**

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

Færslulisti Frá 1.1.2009 til 31.12.2009 23.4.2012

Samtals magn í flokki

Úrgangstegund Lýsing Þyngd

101 Blandaður úrgangur **8.171,00 KG**

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

Færslulisti Frá 1.1.2009 til 31.12.2009

S20 SELTJARNARNESKAUPSTAÐUR

AUSTURSTRÖND 2

170 SELTJARNARNES

Verkstaður .: **VALHÚSASKÓLI**

Samtals magn í flokki

Úrgangstegund Lýsing Þyngd

101 Blandaður úrgangur **5.842,00 KG**